

## Styrkir til hringrásarverkefna - úthlutunarreglur

Úthlutunarreglur eru byggðar á úthlutunar- og verklagsreglum Uppbyggingarsjóðs og aðlagðar að þeim verkefnum sem um ræðir. Eftirfarandi eru viðmiðunarreglur við val á umsækjendum/verkefnum:

1. Umsóknir skulu berast rafrænt í gegnum skráningarkerfi á vef SSV. Með umsókn þarf að fylgja lýsing á verkefni eða viðburði og hvernig það fellur að markmiðum áhersluverkefnisins, ásamt kostnaðaráætlun, þar sem fram kemur sundurliðun á kostnaði.
2. Umsækjendur skulu vera lögráða einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir sem vinna að verkefnum á Vesturlandi. Sveitarfélög eða stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga skulu að jafnaði ekki vera leiðandi aðili í verkefnum.
3. Verkefni sem sótt er um styrk til þurfa að vera til þess fallin að draga úr sóun og stuðla að aukinni endurnýtingu eða notkun. Einkum er horft til verkefna sem draga úr matarsóun og fatasóun eða stuðla að bættri nýtingu nytjahluta. Dæmi um slík verkefni eru frískápar, fatamarkaðir eða skiptimarkaðir, nytjamarkaðir og verkefni sem stuðla að samnýtingu tóla og tækja, s.s. viðburðir þar sem fólk getur komið og fengið aðstoð og aðgang að verkfærum sem þarf til að gera við eða endurbæta hluti
4. Verkefni sem hljóta styrk geta verið einstakir viðburðir eða reglubundin starfsemi
3. SSV gerir skriflegan samning við styrkþega þar sem fram kemur lýsing á umræddum viðburði og áætlun um ráðstöfun fjármagnsins
4. Við undirritun greiðist út 50% af styrknum en 50% við skil á lokaskýrslu með stuttri greinargerð og fylgigögnum um framkvæmd viðkomandi viðburðar eða verkefnis
6. Styrkþegi má ekki breyta verkefninu og verja styrkjum á annan hátt en lagt hefur verið upp með, nema með samþykki SSV
7. Styrkurinn er ætlaður til að greiða þóknun til umsækjanda vegna vinnu við verkefnið og beinan kostnað vegna viðkomandi viðburðar eða verkefnis
8. Ekki er veittur styrkur til kaups á rekstrarvörum, tölvum og almennum skrifstofubúnaði, framkvæmdir svo sem endurbætur á húsnæði eða rekstri á farartækjum

9. Styrkirnir styrkja ekki tækjakaup, en geta nýst til greiða fyrir nauðsynlega leigu á sértækum búnaði sem þarf að nota vegna umrædds viðburðar
10. Ekki er veittur styrkur til fjárfestingar á hlutafé í fyrirtækjum eða félögum
11. Ekki er heimilt að leggja umræddan styrk inní rekstur fyrirtækis og hann er eingöngu ætlaður til afmarkaðra verkefna
12. Styrkirnir eru eingöngu fyrir verkefni sem fara fram á Vesturlandi

Verkefni sem hljóta styrk fá greidd út 50% af styrkuppþæð við undirritun samnings og gerð er krafa um skil á lokaskýrslu þegar verkefni er lokið og greiðist þá 50% af styrk. Lokaskýrsla skal innihalda stutta greinargerð ásamt fylgigögnum um framkvæmd viðkomandi viðburðar.

Styrkþegar skulu tilgreina stuðning úr sóknaráætlun í kynningarefni fyrir viðburði og verkefni.